



REYKJANESBÆR  
reykjanesar.is



# MENNTASTEFNA REYKJANESBÆJAR

SAMVINNA - FAGMENNSKA - TRAUST - SKÖPUN

# FORMÁLI

Vinna við nýja menntastefnu fyrir Reykjanesbæ hófst á vormánuðum 2015. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum allra hagsmunahópa og hefur hann fundað reglulega allt síðastliðið ár. Markmiðið í upphafi var að endurskoða gildandi skólustefnu sveitarfélagsins en fljótlega varð hugtakið menntastefna fyrir valinu. Var það ekki síst vegna þess að sameinaðir voru tveir málaflokkar hjá bænum, fræðslumálin annars vegar og hins vegar íþrótt- og tómstundamálin.

Skólustefna takmarkast oft við það hvernig haga skuli starfi skóla óháð því í hvernig umhverfi skólinn starfar. Nýrri menntastefnu er hinsvegar ætlað að vera heildstæð áætlun um það hvernig nám á öllum skólastigum, leikur, listir og íþróttir fléttast saman og stuðlar sameiginlega að því að undirbúa unga fólkið okkar sem best undir það að vera virkir þátttakendur í samfélagi 21. aldarinnar.

Við vitum það ekki með vissu hvers konar menntun mun nýtast unga fólkinu okkar best til þess að takast á við viðfangsefni framtíðarinnar. Í nýrri menntastefnu er meðal annars lögð áhersla á aukna þátttöku unga fólksins sjálfs, öryggi í starfi og leik, læsi í víðum skilningi og merkingarbært, fjölbreytt og skapandi nám. Með þessar áherslur að leiðarljósi munum við byggja upp réttláta, hamingjusama og sjálfbæra framtíð fyrir börnin okkar.

Við mótun menntastefnunnar var stuðst við virkt stefnumótunarferli sem felur í sér nokkur grundvallar skref sem farið er í gegnum. Allt frá greiningu á núverandi stöðu til mótunar framtíðarsýnar, gilda og setningu markmiða.

Þrátt fyrir að fjölskipaður stýrihópur hafi borið mestan þungann af stefnumótunarvinnunni er einnig mjög mikilvægt að almenningur fái tækifæri til að hafa áhrif á stefnuna. Í því ljósi var haldið íbúðing í marsmánuði 2016 þar sem um hundrað manns mætti af sjálfsdáðum og lagði sitt af mörkum við mótun nýrrar menntastefnu fyrir Reykjanesbæ.

Ég vil þakka öllum sem komu að mótun menntastefnunnar með einum eða öðrum hætti fyrir þeirra framlag og vona að hún verði öllum íbúum Reykjanesbæjar til heilla.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs

„Börn og ungmenni  
í Reykjanesbæ  
hljóti góða  
almenna menntun  
og fái tækifæri til  
þess að vaxa og  
þroskast í öruggu  
og hvetjandi  
umhverfi“

## LYKILÞÆTTIR MENNTASTEFNUNNAR

### FAGLEG ÞJÓNUSTA SEM BYGGIR Á JAFNRÉTTI, LÝÐRÆÐI OG FJÖLBREYTNÍ

Lögð er áhersla á:

- Gott framboð dagforeldra sem fá fræðslu frá fræðslusviði Reykjanesbæjar
- Viðmið um gæði í þjónustu dagforeldra
- Framúrskarandi þjónustu við leik- og grunnskólabörn
- Sameiginlega ábyrgð allra þeirra sem koma að uppeldi og menntun barna
- Markvissa eftirfylgni við nemendur eftir að grunnskóla lýkur
- Fræðslu fyrir foreldra nýrra leik-, grunn-, og framhaldsskólaforeldra
- Nemendalýðræði á öllum skólastigum

### ÖFLUGT FORVARNARSTARF

Lögð er áhersla á:

- Forvarnarfræðslu fyrir foreldra og nemendur
- Samræmda forvarnarfræðsla á öllum skólastigum
- Stuðning við fjölbreytt forvarnarverkefni
- Bætta lýðheilsu barna og ungmenna





## FJÖLBREYTT NÁM SEM MÆTIR ÞÖRFUM ÓLÍKRA EINSTAKLINGA

Lögð er áhersla á:

- Fjölbreytt viðfangsefni á hverju skólastigi til að mæta mismunandi þörfum nemenda
- Samkomulag um skil á milli skólastiga í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska hvers og eins
- Eflingu faglegrar þekkingar í skólum
- Aukna virkni nemenda með skapandi og áhugaverðum viðfangsefnum
- Að nýta upplýsingatækni og nýsköpun í skólastarfi



## VIRKT SAMSTARF MILLI HEIMILA OG SKÓLA

Lögð er áhersla á:

- Jákvæð viðhorf til náms
- Traust og virðingu á milli kennara, nemenda og foreldra
- Öfluga þátttöku foreldra í námi barna sinna
- Foreldrasamstarf og virk foreldrafélög í leik- og grunnskólum



## ÍPRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR FYRIR BÖRN OG UNGMENNI

Lögð er áhersla á:

- Fjölbreytt úrval af íþróttum og tómstundum
- Gott aðgengi fyrir öll börn að íþróttá- og tómstundastarfi
- Jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl ungmenna
- Stuðning við uppbyggileg verkefni ungs fólks
- Faglega þjálfara og leiðbeinendur í íþróttá- og tómstundastarfi

## HVETJANDI NÁMS- OG STARFSUMHVERFI

Lögð er áhersla á:

- Vellíðan og gleði
- Virka endurmenntun kennara og annars starfsfólks
- Heilbrigða sjálfsmynd, jákvæðni og góð samskipti meðal barna og ungmenna
- Gott og styðjandi náms- og starfsumhverfi fyrir alla nemendur

# ÁHERSLUR MENNTASTEFNUNNAR

## BARNIÐ/NEMANDINN:

### Markmið:

Gott  
sjálfstraust  
og sterk  
sjálfsmýnd

### Áherslur:

- Börn og ungmenni öðlist sterka sjálfsmýnd og félagsfærni í gegnum uppbyggjandi skóla- og tómstundastarf
- Samræmd stefna í forvarnarmálum
- Gleði, vellíðan og sjálfstraust efld með lýðræði og jafnrétti að leiðarljósi
- Félagsfærni efld á öllum skólastigum
- Markviss starfsáætlun frístundaskóla og áhersla lögð á faglegt starf
- Markviss starfsáætlun íþrótta- og tómstundastarfs
- Fræðsla fyrir ungmenni sem undirbýr þau til að takast á við áskoranir og kröfur í daglegu lífi







**Jöfn tækifæri/  
hugað að  
velferð allra**

- Íþrótta- og tómstundastarf samþætt skólastarfi á yngsta stigi
- Íþróttir og tómstundir fyrir alla
- Þátttaka barna af erlendum uppruna í íþrótta- og tómstundastarfi eflid
- Tónlistarnám í 1. og 2. bekk í öllum grunnskólum
- Hljóðfærakennsla samþætt skólastarfi í grunnskólum
- Þátttaka ungmenna í frístundastarfi utan skólatíma
- Skýrar móttökuáætlanir
- Markviss íslenskukennsla og stuðningur við aðlögun nemenda af erlendum uppruna
- Víðsýni og umburðarlyndi nemenda í fjölbreytilegum nemendahópum
- Skólakynning fyrir foreldra á öllum skólastigum
- Dagforeldrakynning fyrir foreldra ungra barna
- Frístundastarf kynnt fyrir foreldrum og nemendum að hausti

### Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði

- Virk forvarnastefna og viðbragðsáætlanir til að sporna gegn einelti, áföllum og brotthvarfi
- Jafnrétti til náms
- Uppeldisnámskeið hluti af aðlögun leikskólabarna
- Hollur og fjölbreyttur matur í hádeginu
- Dagleg hreyfing og útivera barna
- List- og verkgreinakennsla í skólastarfi efld

### Þekking, færni og árangur

- Fræðsla fyrir frístundakennara um nám og þroska barna
- Fjölbreyttar kennslu- og námsleiðir sem miða að því að efla áhuga og hæfni nemenda
- Virkar læsisstefnur og skólar setji sér viðmið um árangur
- Skimunarpróf og viðbragðsáætlanir
- Skólar setji sér markmið um árangur nemenda sinna
- Skapandi og gagnrýnin hugsun efld með því að vekja áhuga og forvitni nemenda á fjölbreyttu viðfangsefni
- Prautseigja nemenda og sjálfstæð vinnubrögð efld
- Skuldbinding nemenda til náms og trú á eigin getu efld

### Foreldra- samstarf

- Velferð nemanda ávallt höfð að leiðarljósi
- Foreldrafræðsla og áhersla á mikilvægi skuldbindingar og ábyrgð foreldra
- Styðja við foreldra með aðgengilegum upplýsingum
- Jákvætt viðhorf til menntunar og skólastarfs
- Öflug þátttaka foreldra í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi



## MANNAUÐUR:

### Markmið:

#### Fagleg forysta

### Áherslur:

- Fjölbreytt sí- og endurmenntun fyrir stjórnendur
- Handleiðsla í boði fyrir stjórnendur
- Fagleg ráðgjöf til stjórnenda
- Fagleg ráðgjöf til dagforeldra og starfsfólks leik- og grunnskóla

### Faglegt og áhugasamt starfsfólk

- Fjölbreytt sí- og endurmenntun í takt við áherslur í menntamálum
- Handleiðsla í boði fyrir starfsfólk
- Heilsueflandi starfsumhverfi þar sem kapp er lagt á fagmennsku og starfsgleði
- Kennarar á öllum skólastigum eiga með sér reglulegt samstarf
- Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
- Stuðningur og fræðsla fyrir þjálfara og leiðbeinendur í íþrótt- og tólmundastarfi

## NÁM OG STARF:

### Markmið:

Umbætur, mat og nýbreytni

### Áherslur:

- Nýbreytni og þróunarstarf í skólum
- Samvinna á milli skóla
- Virk skólaþróun í leik- og grunnskólum
- Virk sí- og endurmenntunaráætlun fyrir starfsfólk
- Umbætur byggðar á markvissu mati á skólastarfi

### Skapandi skólastarf

- Fjölbreyttar valgreinar
- Fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- Aukið vægi iðn- og tæknigreina
- Nýsköpun í skólastarfi
- Notkun nýrra miðla og tækni eflid
- Menntun til sjálfbærni t.d. útinám, vettvangsferðir og þátttaka í umhverfisverkefnum

### Nám án aðgreiningar

- Jafnrétti til náms
- Virðing fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna
- Stuðningur og fræðsla fyrir starfsfólk um blandaða nemendahópa
- Ráðgjafahlutverk sérdeilda til annarra starfsmanna

### Samstarf milli mennta- stofnana

- Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla um nám barna á mörkum skólastiga
- Samstarfsáætlun grunnskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um nám ungmenna á mörkum skólastiga
- Samstarf milli náms-og starfsráðgjafa í grunnskólum og við Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- Samstarfsfundir faggreinakennara í grunnskólum og við Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- Heimsóknir nemenda á unglíngastigi í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- Námsmat veiti nemendum, foreldrum, kennurum sem og viðtökuskólum upplýsingar sem nýtast við skipulagningu náms
- Mannauður sem nýtist í fleiri en einni stofnun
- Þekkingarheimsóknir milli stofnana
- Samstarfsfundir skólastjórnenda í leik- og grunnskólum



# FRÆÐSLUSVIÐ REYKJANESBÆJAR

Fræðslusvið annast stjórnslu, rekstur og þjónustu vegna uppeldis- og menntamála bæjarfélagsins. Í því felst m.a. að veita skólum sérfræðiþjónustu í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga þar sem áhersla er lögð á að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Fræðslusviðið annast rekstur félagsmiðstöðva og hefur umsjón með forvarnarstarfi fyrir börn og unglinga. Fræðslusviðið hefur einnig umsjón með rekstri íþróttamannvirkja, annast samskipti og hefur umsjón með samningum við íþrótt- og tómstundafélög bæjarfélagsins. Þá hefur fræðslusviðið umsjón með daggæslu barna í heimahúsum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sérfræðiþjónustan beinist að því að efla skólana á sínu svæði sem faglegar stofnanir til að geta leyst flest þau viðfangsefni sem upp kunna að koma í skólastarfinu. Sérfræðiþjónustan veitir þjónustu í samræmi við áherslur sem fram koma í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga nr. 584 frá 25. júní 2010.

Sérfræðiþjónustan á að mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð starfstéttum sérfræðinga og hver það er sem veitir þjónustuna. Þannig skal velferð nemenda ávallt höfð að leiðarljósi. Þá er lögð áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð, þar sem stuðst er við viðurkenndar aðferðir og klínískar leiðbeiningar.

Lögð er áhersla á öflugt samstarf milli skólastiga og að veita heildræna þjónustu fyrir börn á aldrinum 2-16 ára. Í því skyni er lögð áhersla á að veita þjónustu sem mótast af þörfum hvers barns, en ekki af skólastigi þess.

hjalli.is/akur  
leikskolinngardasel.is  
hjalli.is/gimli  
leikskolinn.is/haaleiti  
heidarsel.is  
hjallatun.is  
leikskolinnholt.is  
tjarnasel.is  
vesturberg.is  
hjalli.is/vollur

akurskoli.is  
haaleitisskoli.is  
heidarskoli.is  
holtaskoli.is  
myllubakkaskoli.is  
njardvikurskoli.is

## LEIKSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Leikskólinn er fyrsta skólastig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild.

Í Reykjanesbæ eru starfandi tíu leikskólar sem allir bjóða upp á fjölbreytt og skemmtilegt leik- og námsumhverfi. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Börnum er sýnd virðing og umhyggja þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi.

Skólar eru hjarta hvers byggðarlags og því mikilvægt að góð samskipti og gagnkvæm virðing ríki á milli skólanna og samfélagsins í heild. Mikill metnaður og vilji er til að styðja sem allra best við leikskólastigið.

## GRUNNSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Grunnskólar Reykjanesbæjar gegna því hlutverki að veita nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Í Reykjanesbæ starfa sex grunnskólar sem mynda samstæða heild sem tryggir börnum á grunnskólaaldri góða alhliða menntun í samstarfi við heimilin. Skólarnir eru hverfaskiptir og hafa hver sína sérstöðu en allir leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag og hvetjandi námsumhverfi.

Hver skóli gefur út skólanámskrá þar sem unnið er að þeim gildum og markmiðum sem skólinn setur. Stöðugt er lögð áhersla á framþróun í skólastarfi sem miðar að því að auka árangur, vellíðan og heilbrigði nemenda.



menntagatt.is

fss.is

mss.is

## FRAMHALDSMENNTUN

Góð menntun er það veganesti sem hvað best nýtist í nútímaþjóðfélagi þar sem tækniþróun er ör og hraðar samfélagsbreytingar eiga sér stað. Flestir nemendur fara beint í framhaldsskóla eftir að grunnskólanámi lýkur. Þar tekur við undirbúningur fyrir frekara nám eða þátttöku í atvinnulífinu. Áhersla er á að nemendur temji sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð og öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum í samfélaginu.

Við lok grunnskóla er mikilvægt að nemendur kynni sér vandlega það nám sem er í boði í framhaldsskólum og geri upp við sig hvað þeir vilja læra. Með því móti verður námið skilvirkara og árangurinn oftast betri.

### FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er skóli Suðurnesjamanna og kappkostar skólinn að bjóða nemendum af svæðinu uppá fjölbreytt og gott nám hvort heldur er bóknám, verknám eða starfstengt nám.

Frekari upplýsingar um skólann og námsframboðið má sjá á heimasíðu hans.

### MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM

MSS er sí- og endurmenntunarstöð á Suðurnesjum sem er fyrir fullorðna einstaklinga. Miðstöðin þjónar mörgum ólíkum hópum. Margir nemendur hverfa frá námi í framhaldsskóla en vilja að einhverjum árum liðnum taka upp þráðinn. MSS tekur vel á móti þeim nemendum og aðstoðar þá fyrstu skrefin með ráðgjöf og námi. Einnig eru í boði ýmsar námsleiðir sem veita starfsréttindi.





keilir.net

Nemendur sem vilja stunda háskólanám í fjarnámi geta leitað til MSS um þjónustu sem gerir þeim kleift að stunda nám sitt í heimabyggð. Þá geta starfsgreinar sótt í sí- og endurmenntun í sinni grein og aukið þannig starfshæfni sína. Nánari upplýsingar um námsframboð og þjónustu má finna á heimasíðu miðstöðvarinnar.

## KEILIR

Miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs er nýjasta viðbótin við flóru áhugaverðra menntakosta á Suðurnesjum. Keilir hefur þegar skapað möguleika fyrir á annað þúsund Suðurnesjamenn að brúa bilið á milli fyrri menntunar og háskólastigs og annarra áhugaverðra kosta s.s. flugnáms, flugvirkjunar, heilsufræði og tæknifræði. Skólinn hefur einnig hlotið leyfi til að starfrækja sérstakan menntaskóla sem ætlað er að bjóða nýjungar í kennsluháttum og tengja betur námseiningar við annað sem býðst hjá Keili, s.s. flugnám og tæknifræði. Frekari upplýsingar um Keili má finna á heimasíðu skólans.



## TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er í tvíþættu samstarfi við grunnskóla Reykjanesbæjar. Öll börn í 1. og 2. bekk grunnskólanna eru í Forskóla tónlistarskólans og nemendur tónlistarskólans í 3. til 7. bekk geta fengið hljóðfærakennslu á skólatíma.

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar starfar samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Nemendur eru á öllum aldri og öllum námsstigum upp að háskólastigi. Kennt er á öll hefðbundin hljóðfæri auk söngs, innan klassískrar og rytmískrar tónlistar.





tonlistarskoli.  
reykjan.esbaer.is

Tónlistarskólinn leggur áherslu á samleik og er fjölbreytt hljómsveitastarf fastur liður í námi nemenda, auk bjöllumkóra, kórs söngdeildar og barnakórs sem er opinn öllum börnum á aldrinum 9-12 ára. Starfrækt er Tónver sem valgrein, þar sem kennd er vinnsla tónlistar á tölvur, ásamt grunnnámi í upptökutækni.

Tónlistarskólinn leggur sig fram um að vera virkur í samfélaginu.



[sofn.reykjanesbaer.is/  
bokasafn/thjonusta/  
upplýsingathjonusta](http://sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn/thjonusta/upplýsingathjonusta)

[sofn.reykjanesbaer.is/  
bokasafn/forsida](http://sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn/forsida)



## BÓKASAFN REYKJANESBÆJAR

Bókasafn Reykjavíkur er staðsett við Tjarnargötu 12. Á efri hæð safnsins er að finna afgreiðslu, skáldsögur, ævisögur, barnahorn, tímarit og fleira sem kallar á meiri samskipti. Á neðri hæð safnsins eru fræðibækur, lestrarsalir, upplýsingathjonusta, heimavinnuástaða og fleira sem krefst kyrrðar og rósemdar. Á safninu er þráðlaust net.

**Upplýsingathjonusta:** [sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn/thjonusta/  
upplýsingathjonusta](http://sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn/thjonusta/upplýsingathjonusta)

Við eflingu lesturs og læsis grunnskólabarna er sumarlestur í Bókasafni Reykjavíkur mikilvægur þáttur. Öll börn í Reykjavík fá frítt lánþegaskírteini til 18 ára aldurs. Ný heimasíða var tekin í gagnid í lok desember 2015: [sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn/forsida](http://sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn/forsida)



## ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAMÁL Í REYKJANESBÆ



Í Reykjanesbæ er fjöbreytt íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni á öllum aldri og má þar m.a. nefna KFUM og KFUK, starfsemi skátanna, unglíngadeildina Klett, Brynballett, Danskópaní o.fl. Í Reykjanesbæ er starfandi félagsmiðstöðin Fjörheimar fyrir ungmenni í 8. - 10. bekk og er hún staðsett að Hafnargötu 88. Þar er lögð áhersla á að efla jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl ungs fólks með því að bjóða upp á vímuefnalaust og öruggt umhverfi. Innra starf félagsmiðstöðvarinnar byggir fyrst og fremst á unglíngalýðræði og frumkvæði ungmennanna sjálfra.

88 húsið er ungmennahús fyrir ungmenni 16-25 ára. Þar er m.a. stuðlað að þátttöku með öðrum ungmennahúsum og samstarfi við nemendafélag Fjölbrotaskóla Suðurnesja.

Í Reykjanesbæ eru fjölmennustu íþróttafélögin Keflavík og Njarðvík. Bæði félögin eru með deildir sem starfa sem fyrirmyndarfélag ÍSí. Íþróttabandalag Reykjanesbæjar hefur það markmið að vinna að eflingu og skipulagningu íþróttastarfsemi í bænum. Nánari upplýsingar um íþróttastarfsemina er að finna á vefsíðum félaganna.

keflavik.is  
umfn.is  
irb.is

## STÝRIHÓPUR MENNTASTEFNU REYKJANESBÆJAR

Bryndís Björg Guðmundsdóttir

Bryndís Jóna Magnúsdóttir

Hafþór Barði Birgisson

Haraldur Árni Haraldsson

Helga María Finnbjörnsdóttir

Helgi Arnarson

Inga María Ingvarsdóttir

Kristján Ásmundsson

Kristín Helgadóttir

Lovísa Hafsteinsdóttir

Páll Orri Pálsson

Rafn Markús Vilbergsson

Rannveig Arnarsdóttir

## VERKEFNASTJÓRAR

Anna Hulda Einarsdóttir og Anna Sigríður Jóhannesdóttir